



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 26. október 2020
VEL20200080008

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs með ósk um fjárveitingu, 5 m.kr. á ári vegna þjónustusamnings við Alanó samtökin

Á fundi velferðarráðs þann 21. október sl. lagði sviðsstjóri velferðarsviðs fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að gengið verði til samninga við Alanó- um rekstur 12 spora húss. Áætlaður kostnaður er alls 16 m.kr. eða um 5 m.kr. á ári. Lagt er til að samningurinn gildi frá 1. nóvember 2020 fram til 31. desember 2023. Óskað er eftir 1 m.kr. fjárveitingu á árinu 2020 og 5 m.kr. á ári 2021 til 2023.

Greinargerð fylgir.
Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillagan er hér með send borgarráði til afgreiðslu.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs lögð fram á fundi velferðarráðs þann 21. október 2020.
Drög að þjónustusamningi Reykjavíkurborgrar og Alanó klúbbsins, dags. 13. október 2020.
Jafnréttisskimun.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Ósk um fjárveitingu, 5 mkr. á ári vegna þjónustusamnings við Alanó samtökin

Lagt er til að gengið verði til samninga við Alanó- um rekstur 12 spora húss. Áætlaður kostnaður er alls 16 m.kr. eða um 5 m.kr. á ári. Lagt er til að samningurinn gildi frá 1. nóvember 2020 fram til 31. desember 2023. Óskað er eftir 1 mkr. fjárveitingu á árinu 2020 og 5 mkr. á ári 2021 til 2023.

Greinargerð:

Með bréfi Alanó klúbbsins til borgarráðs dags. 27. júlí 2020 var lögð fram beiðni um stuðning við samtökin í formi þjónustusamnings að upphæð kr. 8.604.960 á ári til að tryggja m.a. stöðugleika í starfseminni.

Tilgangur Alanó klúbbsins er að efla 12 spora starf í landinu. Ætla má að á milli 350 – 500 manns mæti á 12 spora fundi í núverandi húsnæði klúbbsins. Skráðir félagar sem greiða stuðningsgjald til klúbbsins eru um 400 manns á ári.

Í dag stendur klúbburinn á tímamótum þar sem núverandi húsnæði að Héðinsgötu 1-3 verður rífið m.a. vegna breytts skipulags og ástands hússins. Alanó klúbburinn hefur verið í viðræðum við fasteignafélagið Reiti og hafa náð hagstæðum samningi um leigu á húsnæði að Holtavegi 10 (Holtagarðar) eða 1.550.000 kr. á mánuði fyrir 1.700 fm². Tekjur félagsins standa hins vegar ekki undir rekstri nýja húsnæðisins og því brýnt fyrir félagið að gera annarsvegar langtíma leigusamning og hinsvegar langtíma styrktarsamning. Það er mat velferðarviðs að starfsemi Alanó klúbbsins sé afar mikilvæg þeim borgurum sem nýta 12 spora fundi sem leið í sínum bata. Grundvöllur þess að starfsemin geti haldið áfram er að klúbburinn hafi trygga aðstöðu fyrir starfsemi sína og því er lagt til að gengið verði til samninga við Alanó um rekstur 12 spora húss.

Um er að ræða eftirtalin verkefni:

- Aðgengilegar upplýsingar liggi fyrir um fundadagskrá í húsinu og þá fundi sem í boði eru hverju sinni á heimasíðu 12 spora hússins.
- Útgáfa kynningabæklinga/ rafrænna upplýsinga til íbúa Reykjavíkur um þá starfsemi sem fram fer innan 12 spora húss og auðveldar íbúum aðgengi að. Efnið verður sent á þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs.
- Vera tengiliður um kynningar á starfsemi einstakra klúbba innan 12 spora hússins, eftir þörfum Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- Að upplýsa velferðarsvið um þá árlegu kynningu sem fram fer á starfsemi hinna mismunandi deilda sem starfa í 12 spora húsinu.
- Upplýsa velferðarsvið um fundi sem haldnir eru fyrir nýliða sem sækja þjónustu í 12 spora húsinu.
- Veita Reykjavíkurborg aðgang að húsnæði félagsins fyrir tiltekin verkefni sem lúta að þjónustu borgarinnar s.s. vegna funda, fræðslu og námskeiðahalds. Settir tengiliðir aðila skipuleggja slíkt sín á milli.

Meðfylgjandi eru drög að þjónustusamningi.

Staðfesting hefur borist frá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar að efni fyrirhugaðs samnings við Alanó falli undir reglugerð nr. 1000/2016 og kaupin því ekki útboðsskyld.

Fylgiskjöl:

Drög að þjónustusamningi við Alanó- 12 spora hús.

Jafnréttisskimun



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík í samningi þessum nefndur þjónustukaupi og Alanóklúbburinn– 12 spora hús, kt. 590100-3070, Héðinsgötu 1-3, 1050 Reykjavík í samningi þessum nefndur þjónustusali gera með sér

S A M N I N G

um þjónustu vegna 12 spora húss

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til sértækra þjónustuverkefna sem þjónustusali innir af hendi til að efla 12 spora starf á höfuðborgarsvæðinu.

Tilgangur Alanó klúbbsins – 12 spora húss er að efla 12 spora starf í landinu með því að tryggja þeim samtökum sem stunda starfsemi á grundvelli 12 spora hugmyndafræði, húsnaði húsnaðið gengur undir heitinu 12 spora hús. Í dag má ætla að milli 350 – 500 manns mæti á degi hverjum á fundi þeirra þrettán 12 spora samtaka sem hafa aðstöðu í Alanó klúbbum 12 spora húsi að Héðinsgötu í Reykjavík. Nýtt húsnaði 12 spora húss í Holtagörðum í Reykjavík tryggir aðgengi hreyfihamlaðra að starfseminni og býður upp á aðstöðu fyrir fleiri deildir. Húsnaðið hefur jafnframt uppá að bjóða átta sali til funda- og ráðstefnuhalds, auk kaffiaðstöðu.

2. gr.

Markmið samnings

Markmið með samningi þessum er að veita þjónustusala stuðning til að tryggja aðstöðu fyrir starfsemi þeirra fjölmörgu félaga sem byggja starf sitt á 12 spora hugmyndafræði. Starfsemin tekur m.a. til:

- Að framleigja fundaraðstöðu fyrir AA-fundi og önnur 12 spora samtök á kostnaðarverði.
- Félagsstarfs í kringum hina ýmsu viðburði, t.d skemmtikvöld, bingó og jóla- og áramótasamkomur.
- Opins húss. Húsið er opið allan daginn og fram á kvöld, einnig um jól- og áramót.
- Fræðslustarfs eða ráðstefna eftir þörfum og eftirspurn hverju sinni.

3. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um felst í að viðhalda þjónustu við þá hópa sem falla að XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Samningur þessi grundvallast á ákvörðun borgarráðs sem samþykkt var á fundi ráðsins þann **XXX.**

Þjónusta sem þjónustusali tekur að sér að veita samkvæmt samningi þessum, skal unnin samkvæmt gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Skilgreining á þjónustu sem samið er um

Þjónustan sem samið er um er eftirfarandi:

- Þjónustusali tryggir að þau félög sem starfa á grundvelli 12 spora hugmyndafræði hafi aðgang að húsnæðinu á kostnaðarverði.
- Aðgengilegar upplýsingar liggi fyrir um fundadagskrá í húsinu og þá fundi sem í boði eru hverju sinni á heimasíðu 12 spora hússins.
- Útgáfa kynningabæklings/ rafrænna upplýsinga til íbúa Reykjavíkur um þá starfsemi sem fram fer innan 12 spora húss og auðveldar íbúum aðgengi að. Efnið verður sent á þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs.
- Vera tengiliður um kynningar á starfsemi einstakra klúbba innan 12 spora hússins, eftir þörfum Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- Að upplýsa velferðarsvið um þá árlegu kynningu sem fram fer á starfsemi hinna mismunandi deilda sem starfa í 12 spora húsinu.
- Upplýsa velferðarsvið um fundi sem haldnir eru fyrir nýliða sem sækja þjónustu í 12 spora húsinu.
- Veita Reykjavíkurborg aðgang að húsnæði félagsins fyrir tiltekin verkefni sem lúta að þjónustu borgarinnar s.s. vegna funda, fræðslu og námskeiðahalds. Settir tengiliðir aðila skipuleggja slíkt sín á milli.

5. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala samtals kr. 5.000.000 (fimm milljónir króna) til ofangreindra verkefna ár hvert á samningstímanum og greiðist framangreind fjárhæð í þremur jöfnum greiðslum í maí, september og desember ár hvert.

Þjónustusali ber alla faglega og rekstrarlega ábyrgð á framangreindri starfsemi og fjárhagsskuldbindingar þjónustusala eru þjónustukaupa óviðkomandi.

6. gr.

Samráð/samstarf

Samningsaðilar munu á samningstímanum vinna að því að gott og öflugt samstarf verði milli aðila varðandi þá möguleika sem bjóðast íbúum Reykjavíkur innan 12 spora húss.

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um verkefnin sem samið er um. Þjónustukaupi mun eiga stöðufund með þjónustusala um framkvæmd samningsins einu sinni á ári. Skipaðir verða tengiliðir frá hvorum aðila til að fylgja eftir framkvæmd samningsins. Hvor samningsaðili fyrir sig getur óskað eftir auka stöðufundi ef þurfa þykir.

Komi upp sú aðstaða á samningstímanum að þjónustusali telji sér ekki unnt að standa að fullu við skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skal þjónustukaupa tilkynnt um það án tafar.

7. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Þjónustusali skal senda þjónustukaupa ársreikning félagsins um leið og hann liggur fyrir, þó eigi síðar en 1. maí (ár hvert). Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstraryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala. Fyrir 1. maí hvert ár skal þjónustusali leggja fram samantekt um starfsemi liðins árs, sem fram fer á grundvelli samnings, sbr. 4. gr. samnings þessa.

Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er í formi fyrrnefndra upplýsinga um þjónustuverkefni og með stöðufundum aðila samkvæmt 6. og 7. gr. samnings þessa.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að gera úttekt á starfseminni hvenær sem er á samningstímanum.

8. gr.

Þagnarskylda

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang að þeim. Þjónustusali og starfsmenn hans eru bundinn þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi.

Þagnarskylda helst þó svo að samningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn þjónustusala láta af störfum.

Við störf sín skuldbindur þjónustusali sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

9. gr.

Uppsögn

Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst. Skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir bæði gagnvart þjónustusala og þjónustukaupa.

10. gr.

Vanefndir og riftun

Vanefni þjónustusali samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum, getur þjónustukaupi krafist tafarlausra úrbóta innan hæfilegs tímafrests. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er þjónustukaupa heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar

Þjónustusali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

11. gr.

Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

12. gr.

Starfsmenn

Þjónustusali skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína og aðra er koma að framkvæmd þjónustu.

13. gr.
Ágreiningsmál

Komi uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

14. gr.
Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

15. gr.
Breytingar á samningi og breyttar forsendur

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi.

16. gr.
Gildistími samnings

Samningurinn er tímabundinn og gildir til frá 1. október 2020 til 1. október 2023. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Alanó klúbbsins – 12 spora húss.

Nafn
Staða

Nafn
Staða



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	19. okt. 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir/ Bryndís Eva Sverrisdóttir
Verkefni/tillaga:	Ósk um að gengið verði til samninga við Alanó- 12 spora húss til reksturs 12 spora húss í Holtagörðum.
Þjónustubáttur:	Málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir
Stofnun/kostn.st.:	01292
Fjárhæð:	5 mkr. á ári í þrjú ár.
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tilgangur Alanó klúbbsins er að efla 12 spora starf í landinu. Ætla má að á milli 350 – 500 manns mæti á 12 spora fundi í núverandi húsnæði klúbbsins. Skráðir félagar sem greiða stuðningsgjald til klúbbsins eru um 400 manns á ári. Markmið tillögunnar er að styðja við rekstur 12 spora hússins.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Öll starfsemi 12 spora samtaka er nafnlaus og því er ekki hægt að greina starfsemina út frá kynferði. Aðgang að störfum 12 spora samtaka hafa allir – óháð kyni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Þá einstaklinga sem nýta sér stuðning þeirra 12 spora samtaka sem hafa aðstöðu í 12 spora húsinu sem Alanó rekur.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan stuðlar að því styrkja Alanó samtökin til að reka 12 spora húss sem tryggir fjölmörgum 12 spora samtökum aðgengi fyrir starfsemi sína og um leið skapar fjölmörgum einstaklingum tækifæri til að vinna að eigin bata á grundvelli hugmyndafræði 12 spora samtaka.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.